THE GIFT OF

# CONFIDENCE



HRINGLAGA
**EÐA** DROPALAGA?

VEGVÍSIR FYRIR ÞÍNA
**BRJÓSTASTÆKKUN**

ÞANNIG FINNUR ÞÚ ÞAÐ
RÉTTA FYRIR ÞINN LÍKAMA

ÁHERSLA Á ÞÍNAR **FORSENDUR**

**10 SPURNINGAR TIL AÐ SPYRJA SKURÐLÆKNINN**

*”Ég hef viljað þetta eins lengi og ég man eftir.”*

LESTU UM VEGFERÐ ANNARRA KVENNA




# Hluti af þér

**DRAUMAR ÞÍNIR** og þarfir eiga að fá að vera til. Þú átt að geta komið fram eins og manneskjan sem þú hefur alltaf séð fyrir þér. Að okkar mati snýst bjóstastækkun ekki um eitthvað nýtt eða öðruvísi. Hún snýst um að þú sért trú sjálfri þér. Um að finna manneskjuna sem þú hefur falið. Allt til að þér finnist þú vera viss, örugg og hamingjusöm.

Við munum sjá til þess að þú hafir allar upplýsingar sem þú þarft áður en þú ferð á læknastofuna, fyrir aðgerðina og um tímabilið eftir aðgerðina. Þess vegna höfum við safnað saman upplýsingum um alla vegferðina, hvaða valmöguleika þú hefur í hverju skrefi og hvaða kosti við hjá Mentor bjóðum varðandi brjóstastækkun.

# Efnisskrá

Að trúa á sjálfan sig .......... 6
Þínar forsendur .......... 8
Vegferðin með Mentor .......... 10
Hvaða spurninga átt þú að spyrja? .......... 14
Púðarnir okkar .......... 16
Öryggi þitt í forgangi .......... 18
Brjóstið sem líffæri .......... 20
Þínir valmöguleikar .......... 21
Reynslusögur .......... 22
Rannsóknir á þessu sviði .......... 24
10 ástæður fyrir því að velja Mentor .......... 26
Tilvísanir og athugasemdir .......... 28







# Að trúa á sjálfan sig

**VIÐ ERUM** mjög ánægð að 98% þeirra sem hafa valið Mentor púða segja að þær myndu aftur velja sömu púða. [1] Því að markmiðið með vörum okkar er að hjálpa konum að öðlast þau lífsgæði og þá sjálfsmynd sem þær eiga skilið. Sama hvaða ástæðu þú hefur fyrir því að fara í brjóstastækkun, viljum við hjálpa þér að finnast þú örugg með ákvörðun þína og sjálfa þig.

## Innra öryggi

Hvernig konur skynja brjóstin hefur sannanlega áhrif á sjálfsvitund þeirra og hvernig þær virða sjálfa sig. Þetta þarf auðvitað ekki að eiga við allar konur sem velja brjóstastækkun, en það er mikilvægt að muna eftir því að það eru þínar ástæður sem eiga að vera í fyrsta sæti. Þú átt að fá svigrúm til að fylgja því sem fær þig til að finnast þú örugg bæði innra með þér og utan.

Sannleikurinn er sá að 91% kvenna er óánægður með líkama sinn. Fyrir því eru mismunandi ástæður og eins og við lítum á það er þetta einmitt málið. Það eru mismunandi forsendur og leiðir að fara - engin er réttari en önnur. Hvernig þú öðlast öryggiskennd er alltaf undir þér sjálfri komið.





# Þínar forsendur

**ÓLÍKIR EINSTAKLINGAR** hafa ólíkar forsendur fyrir því að velja brjóstastækkun. Rétt eins og ástæðurnar eru mismunandi þá eru líkamar okkar líka mismunandi. Við erum fædd með ólíkar forsendur sem móta valmöguleika okkar og árangur.

## Skilningur frá báðum aðilum

Það er mikilvægt að þú finnir læknastofu og skurðlækni sem tekur tillit til þinna sérstöku óska og hvað það er sem þú vilt ná fram með þinni skurðaðgerð. En það er ekki síður mikilvægt að finna einhvern sem tekur tillit til líkamsbyggingar þinnar, heilsu þinnar og líkamlegra forsenda þinna.

Stundum er auðvelt að einblýna á útkomu annarra. Að vissu leiti getur það hjálpað til á vegferðinni við að velja hvers konar púða maður sér fyrir sér. Það er einmitt þannig sem það á að vera - hjálp á leiðinni en ekki mynd að því hvernig þú munt líta út.

## Rétt fyrir þig en ekki alla

Hvort sem þetta snýst um að fá önnur líkamshlutföll, að endurgera brjóstin eftir brjóstagjöf eða að jafna stærð brjóstanna þá eru í dag margir valmöguleikar í boði. Því hreinskilnari sem þú ert við sjálfa þig og skurðlækninn sem þú hittir þeim mun auðveldara verður það fyrir þig að velja rétt.

Með því að kynna þér alla valmöguleika getur þú verið eins róleg og hægt er með þá ákvörðun þína að fara í brjóstaaðgerð. Þess vegna er svo mikilvægt fyrir þig að finna læknastofu þar sem þér líður vel með að spyrja spurninga og að tjá þig hreinskilningslega um óskir þínar

# Fyrir aðgerðina þína

**VEGFERÐIN** fram að aðgerðinni getur verið mismunandi allt eftir því hvað valið hefur verið á leiðinni - og eftir því hvaða læknastofu maður snýr sér til. En það er sama hvað þú velur, það er alltaf ávinningur að vera undirbúin og að hafa lesið sér til svo að þú getir verið róleg og spurt viðeigandi spurninga á meðan á ferðinni stendur.

## Að velja læknastofu

Það er alltaf ávinnungur af því að lesa umsagnir annarra og að hlusta á meðmæli frá vinum og kunningjum þegar þú ert að velja læknastofu. Þetta getur verið góð byrjun til að mynda sér skoðun á því hvaða læknastofur koma til greina. En það er mikilvægt að þér sjálfri finnist þetta vera sú rétta fyrir þig og að þú treystir því fólki sem þú hittir á stofunni, skurðlækninum og þeim aðferðum sem þar eru notaðar. Þetta er þín ákvörðun og þér á að finnast allt ferlið í kringum aðgerðina passa við þínar þarfir og þínar forsendur.

## Læknaviðtalið

Hvernig læknaviðtalið fer fram getur verið mismunandi frá einni læknastofu til annarrar. Sama hvert þú hefur snúið þér, þá er það aðalatriðið að skurðlæknirinn geti svarað öllu því sem þú þarft að vita um brjóstaðgerðina og að þú getir fengið svar við öllum þeim spurningum sem þú hefur safnað að þér. Þið munuð ræða þínar óskir, væntingar og forsendur, og valmöguleika sem þú hefur varðandi meðal annars staðsetningu og tegundir af brjóstapúðum.

## Þín ákvörðun

Þegar þú hefur skoðað eina eða fleiri læknastofur getur þú valið að bóka tíma. Ef þér finnst þú ennþá óörugg varðandi val þitt á læknastofu eða einhvern hluta aðgerðarinnar getur verið gott að hafa samband við skurðlækninn eða læknastofuna til að hitta þau aftur. Taktu þér tíma til að velta aðgerðinni fyrir þér þannig að þér líði eins vel og hægt er og að þér finnist þú hafa verið sett inn í alla þætti aðgerðarinnar.

## Fyrir aðgerðina

Fyrir aðgerðina færð þú upplýsingar um reglur læknastofunnar varaðandi mat, drykkjarföng, reykingar, lyf og hreinlæti fyrir aðgerðina og hvað getur verið gott að hafa með sér þegar þú kemur á stofuna. Þú færð líka upplýsingar um svæfinguna og bataferil þinn eftir aðgerðina.

*Á síðu 14 finnurðu nokkur dæmi um spurningar til að spyrja skurðlækninn.*



# Í aðgerðinni

**BRJÓSTASTÆKKUN** tekur um það bil einn til tvo tíma og venjulega getur þú farið heim sama dag en það fer þó eftir því á hvaða tíma dags aðgerðin er framkvæmd.

## Aðgerð í samræmi við það sem þið hafið rætt

Skurðlæknirinn gerir skurð út frá því sem þið hafið rætt. Síðan er gert hólf í brjóstið þar sem brjóstapúðanum sem þú hefur valið er komið fyrir. Þegar púðanum hefur verið komið fyrir er skurðinum lokað með saumum. Þú munt verða svæfð og verður ekki vakandi í neinum hluta aðgerðarinnar.

## Vaknaðu í ró og næði

Eftir aðgerðina verður farið með þig á vöknun. Þú færð að hvíla þig og hjúkrunarfræðingur mun hugsa um þig þar til þú getur farið heim. Hvernig þér líður þegar þú vaknar er mjög einstaklingsbundið. Það er ekki óalgengt að finna til þreytu og eymsla í nokkra daga eftir aðgerð.







# Hvaða spurninga átt þú að spyrja?

## Örugg og vel lesin

Þegar þú hittir skurðlækninn munuð þið fara í gegnum það sem þú þarft að vita fyrir aðgerðina. Hér á eftir eru nokkrar spurningar sem getur verið gott að ræða í viðtalinu til þess að tryggja að þér finnist þú örugg með skurðlækninn, læknastofuna og þitt val.

1. Ertu löggilltur skurðlæknir og framkvæmir þú margar brjóstastækkanir á ári? ☐
2. Hvaða áhættur og fylgikvillar eru í tengslum við aðgerðina? ☐
3. Hvaða valmöguleika hef ég varðandi brjóstastækkun? ☐
4. Ertu með einhverjar myndir af brjóstum fyrir og eftir aðgerð sem ég get skoðað? ☐
5. Hvaða lögun, stærð, áferð, staðsetning og hvernig skurð mælir þú með fyrir mig? ☐
6. Hvernig eru brjóstin skoðuð í brjóstaskanna (mammogram) þegar maður er með brjóstapúða? ☐
7. Hvernig get ég búist við að púðarnir líti út og séu viðkomu eftir 10 ár? ☐
8. Hvaða púðar eru með bestu læknisfræðilegu útkomu eftir 10 ár? ☐
9. Hvers konar ábyrgðir hefur þessi læknastofa og þeir púðar sem þið eruð með? ☐
10. Hvaða eftirskoðun og eftirlit eru innifalin eftir að ég hef farið í aðgerðina. ☐

# Náttúruleg útkoma



**DROPALAGA** púðarnir með Contour Profile Geli sem Mentor framleiðir eru árangur af 10 ára rannsóknarvinnu. Þeir eru gerðir til að halda lögun sinni og mynda brjóst sem eru eðlileg útlits.

## CPG gelfylltu púðarnir frá Mentor

- Fallegt útlit sem líkir eftir eðlilegri lögun líkamans
- Er í Siltex poka með mynstruðu yfirborði
- Er leiðandi val við uppbyggingu brjósta á Norðurlöndum[3]
- Sýnt hefur verið fram á litla áhættu á herping í örvef kringum púðann og snúning. [4]







Hringlaga púði með sléttu yfirborði



Hringlaga púði með mynstruðu yfirborði

## Leiðandi valkostur á heimsvísu

Í meira en 20 ár hefur Mentor verið álitin einn af leiðandi framleiðendum í heiminum á hágæða brjóstapúðum. Við bjóðum í dag bæði hringlaga og dropalaga púða í mismunandi stærðum. Púðarnir eru fylltir með einstöku einkaleyfisvernduðu og þéttu geli. Þetta gel helst vel saman og líkir eftir viðkomu við eðlilegan brjóstvef.

## Hvað hefur áhrif á þína útkomu

Þú og skurðlæknirinn þinn munuð ræða þá valkosti sem þú hefur varðandi mismunandi gerðir af púðum, eins og til dæmis:

- Stærð púðans mæld í rúmsentimetrum (cc).
- Yfirborð púðans: slétt eða mynstrað.
- Hliðarsvipur púðans sem ræðst af því hversu mikið púðinn á að standa út frá bringunni.

# Öryggi þitt í forgangi

**MENTOR** býður víðtækustu ábyrgðina á brjóstapúðum af öllum framleiðendum á markaðnum.[4] - Mentor Loforðið. Þökk sé þessari ábyrgð getur þú alltaf verið viss um að öryggi þitt er tryggt bæði meðan á aðgerðinni stendur og einnig eftir að henni sé lokið.

## Þetta færð þú með Mentor Loforðinu:

- Ábyrgð sem þú skráist sjálfkrafa í þér að kostnaðarlausu
- Nýjan púða, þér að kostnaðarlausu, ef púðinn rofnar.
- Allt að 1000 EUR í tryggingabætur við rof á púðum allt að 10 árum eftir aðgerð.
- Útskipti á púðanum við herping í örvef kringum púðann, tvöföldun himnu og síðkomna vökvasöfnun.
- Púða báðum megin ef skurðlæknirinn þinn fer fram á það



## Finndu réttar upplýsingar

Á viðtalsstiginu við læknastofuna ættir þú að gæta þess að spyrja um ábyrgðir Mentor og spyrja hvaða eigin ábyrgðir læknastofan býður. Auk þess getur þú lesið meira um Mentor Loforðið á mentorpudar.is





# Brjóstið sem líffæri




## Líkami í breytingu

Við hönnun á gelfylltu púðunum okkar höfum við gert okkar besta til að áferð þeirra líki sem mest eftir eðlilegum brjóstvef. Það sem gefur brjóstinu bæði form og áferð eru mjólkurgangar og kirtlar sem eru umvafðir fituvef. Vegna mismunandi aðstæðna eins og þungunar, snöggu þyngdartapi og náttúru þyngdaraflsins byrja brjóstin stundum að hanga.

## Stækkun í samræmi við líkama þinn

Brjóstapúðar eru notaðir til þess að stækka brjóstin. Sá mismunur sem er á brjóstum þínum og útlit brjóstana, fyrir utan form þeirra, mun ekki breytast með aðgerðinni. Ef þú hefur áhuga á meiri breytingum geturðu talað við skurðlækninn þinn til að fá frekari upplýsingar varðandi til dæmis mastoplexi - sem er lyfting á brjóstum.





# Þínir valmöguleikar




## Undir eða yfir brjóstvöðvanum

Brjóstapúðanum er komið fyrir undir brjóstvöðvanum eða yfir brjóstvöðvanum undir kirtlunum. Staðsetning undir brjóstvöðvanum getur minnkað hættuna á maður finni fyrir púðanum í gegnum húðina og að örvefurinn harðni. Það verður líka auðveldara að skoða brjóstið í mammogrammi. Skurðurinn getur ef til vill valdið því að bataferlið verður lengra. Staðsetningin yfir brjóstvöðvanum getur stytt bataferlið en getur hugsanlega valdið því að kantarnir á brjóstapúðanum verða sýnilegri undir húðinni. Auk þess getur þessi staðsetning gert það erfiðara að skoða brjóstið í mammogrammi.

## Staðsetning á skurðinum

Skurðlæknirinn velur venjulega að staðsetja skurðinn á einum af eftirfarandi 3 stöðum:

- Undir hendinni (í handarkrikanum)- skurður sem er lítt falinn, en getur verið fínn ef þú vilt forðast ör á sjálfu brjóstinu.
- Kringum geirvörtuna ( periareolärt)- skurður sem er síður sjáanlegur en sem eykur áhættuna á erfiðleikum við brjóstagjöf borið saman við aðra valmöguleika.
- Undir brjóstinu (inframammärt) - skurður sem er lítt falinn en getur valdið færri erfiðleikum við brjóstagjöf en skurðurinn í kringum geirvörtuna.








# Reynslusögur

## Leiðin að aðgerðinni

Alex sem fór í sína aðgerð á Carlanderska sjúkrahúsinu hafði ákveðið að fara í aðgerð þegar hún hefði eignast börn.

– Ég hafði viljað þetta eins lengi og ég man eftir og ákvað mig eftir að ég hafði eignast börnin mín þrjú. Mér fannst ég vera uppýst, ég hafði talað við marga mismunandi lækna og náði góðu sambandi við lækni númer 2 sem ég talaði við. Þegar ég hitti hann spurði ég hvernig maður bæri sig að varðandi stærðina, hvernig væri með læknisvottorð, um sársauka eftir aðgerðina og hvar skurðurinn myndi vera. Læknirinn svaraði öllu mjög vel og ég er mjög ánægð segir Alex.

## Önnur tilraun

Camilla sem fékk sína Mentor púða í aðgerð fyrir 4 árum síðan en var fyrir með brjóstapúða. Þeir púðar voru allt of stórir og ég hafði vilja skipta þeim út alveg frá því að ég fékk þá fyrir 11 árum síðan. Kunningjakona mín var mjög ánægð með lækni og ég hafði samband við hann. Ég hefði kannski þurft að leita lengi en læknirinn hlustaði á mig. Hann sagði mér frá Mentor púðunum og mælti með dropalaga púðum. Ég er satt best að segja mjög ánægð. Þetta er miklu betri púðar en þeir sem ég var með áður. Efnið í púðunum er mjög þægilegt og ég myndi velja þá aftur segir Camila.

# Rannsóknir á þessu sviði.

## BIA-ALCL

Mentor brjóstapúðarnir eru viðurkenndir af neytenda- og læknasamtökum Bandaríkjanna (USFDA) fyrir hátt öryggis og virknistig. Árið 2011 fann sama stofnun sjaldgæf tilfelli af BIA-ALCL. Styttingin stendur fyrir Breast Implant Associated Large Cell Lymphoma sem er eitilfrumukrabbamein sem getur komið hjá einstaklingum sem eru með brjóstapúða. Algengustu einkennin á BIA-ALCL er að brjóstið bólgnar allt í einu vegna þess að það safnast vökvi í kringum púðann.[3]

USFDA áætlar að það séu milli 5 og 10 milljónir kvenna í heiminum með brjóstapúða. Í mars 2017 höfðu yfirvöld tekið á móti 359 tilkynningum þar sem þótti læknisfræðilega sannað að um BIA-ALCL væri að ræða. Þar af var, samkvæmt síðustu rannsóknum , aðeins hægt að tengja 3 tilfelli við einhvern af púðum Mentor.[5]

## Institute of Medicine

Í júní 1999 gaf National Institute of Medicine út skýrslu með eftirfarandi niðurstöðum: *Þegar fyrirliggjandi faraldsfræðileg gögn eru skoðuð hefur ráðið komist að þeirri niðurstöðu að þar sem það eru 1,5 milljónir fullorðinna kvenna á öllum aldri í USA með silicon brjóstapúða má búast við að einhverjar af þeim muni þróa með sér bandvefssjúkdóma, krabbamein, taugasjúkdóma, eða önnur stoðkerfisvandamál eða ástand. Gögnin tilgreina að þessir sjúkdómar eða ástand sé ekki algengari hjá konum með brjóstapúða en konum án púða.*[6]





# Treystu þínu vali

**ÞEGAR ÞÚ** hefur valið vöru frá Mentor viljum við að þér geti fundist þú vera örugg bæði með púðann sem þú hefur valið og líka með fyrirtækið sem stendur á bakvið púðann. Hér getur þú lært svolítið meira um aðferðir okkar og fulltrúa okkar á ólíkum stöðum í heiminum.

# 10 ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ VELJA MENTOR

### 1. LÖNG REYNSLA
Mentor hefur verið á markaðnum síðan 1969 og er í dag einn af stærstu framleiðendum í heiminum á brjóstapúðum.

### 2. STÖNDUM UNDIR MIKLUM KRÖFUM
Brjóstapúðar Mentor eru CE merktir [1] og viðurkenndir af Bandarísku neytenda og læknasamtökunum USFDA.[2]

### 3. VIÐURKENNDIR Á HEIMSVÍSU
Mentor brjóstapúðar hafa verið viðurkenndir í yfir 70 löndum.[3]

### 4. MIKLAR GÆÐARKRÖFUR
Allar vörur frá Mentor eru framleiddar samkvæmt ströngustu stöðlum hvað varðar hönnun og prófanir.

### 5. LEIÐANDI Á SVIÐI ÁBYRGÐAR
Mentor býður umfangsmestu vöruábyrð á brjóstapúðaaðgerðum.[4]

### 6. REYNSLUMIKLIR SAMSTARFSAÐILAR
Við störfum með skurðlæknum í öllum heiminum til þess að við getum þróað nýjungar í vörum okkar.

### 7. SANNAÐ ÖRYGGI
Öryggi framleiðslu okkar er prófað með læknisfræðilegum rannsóknum með þátttöku meira en 200.000 kvenkyns sjúklinga.[5]

### 8. ÁNÆGÐAR KONUR
5 til 10 milljónir kvenna bera í dag púða. Meira en helmingur af púðunum eru frá Mentor.[6]

### 9. LEIÐANDI INNAN BRJÓSTAUPPBYGGINGAR
Mentor púðar eru leiðandi val við brjóstauppbyggingu á öllum Norðurlöndum.[7]

### 10. HLUTI AF STÓRRI OG ÖRUGGRI FJÖLSKYLDU
Mentor er hluti af Johnson og Johnson - eitt af stærstu fyrirtækjum í heiminum með 130 ára reynslu og fulltrúa í yfir 175 löndum með 250 mismunandi vörumerki.

# TILVÍSANIR OG ATHUGASEMDIR


**SÍÐA 6–7**

1. Mentor Worldwide LLC. MemoryGelTM Core Gel Clinical Study Final Report, April 2013
2. Lacey Sischo and Patricia Yancey Martin (2015) The price of femininity or just pleasing myself? Justifying breast surgery. Gender Issues 32 (2):77-96.
3. Body Image Statistics (2017) U.S. Department of Health and Human Services, PBS, National Association of Anorexia Nervosa and Associated Disorders

**SÍÐA 16–17**

1. Mentor Worldwide, LLC. MemoryShape® Post-Approval Cohort Study (2014) (tidigare Contour Profile Gel Core Study), Årlig rapport
2. Mentor Norden sales figures 2016. HINAS Sjukhusinköp HF
3. Baserat på en produktjämförelse av följande strukturerade, formade implantat med silikongel:
http://www.mentorwwllc.com/pdf/Produwct_Ref_Guide.pdf
http://www.sebbin.com/en/women.html
http://www.eurosurgical.co.uk/wp-content/uploads/2011/12/2012-Silimedcatalogue-breast.pdf
http://eurosilicone.com/pdf/Eurosilicone_Product_Catalogue_2013.pdf
http://nagor.com/pdf/Nagor_Product_Catalogue_2013.pdf Allergan Natrelle Product Catalogue 11-2008
(Hämtat 141209)

**SÍÐA 18–19**

1. Baserat på en garantijämförelse av följande bröstimplantat:
Allergan Natrelle: http://www.natrelle.co.uk/breast-enhancement/Pages/warranty.aspx,
EuroSilicone & Nagor: http://nagor.com/pdf/Warranty_PDF_Nagor.pdf,
Arion: http://www.laboratoires-arion.com/images/arion/ARION_GUARANTEE_PROGRAM_ANG.pdf,
Polytech:
http://www.polytechhealth.info/images/pdf/IoE_Information_engl_2015-01.pdf,
Motiva: https://motivaimplants.com/product-warranty/,
Sebbin: Garantie des IMPLANTS MAMMAIRES och La garantie premium,
(Hämtat 170320)
2. I händelse av bekräftad ruptur (spricka) eller deflation (läcka) på ett MENTOR® bröstimplantat på grund av slitage eller delaminering som kräver kirurgiskt ingrepp, kommer Mentor att oavsett implantatets ålder kostnadsfritt tillhandahålla ett MENTOR® bröstimplantat. Vårt fokus på kvalitet och innovation så kan vi erbjuda marknadens mest generösa trygghetspaket.
3. Skulle en utbytesoperation för ett MENTOR® gelfyllt bröstimplantat krävas på grund av en bekräftad ruptur som äger rum inom tio (10) år efter implantationsdagen och förutsatt att berättigande påvisas och bekräftas av Mentor efter genomförd på dess bedömning och utvärdering, kommer Mentor att betala erlagda kostnader som inte omfattas av försäkring, för operationssal, anestesi och/eller kirurgikostnader som är direkt anknutna till revisionskirurgi, upp till ett maximalt sammantaget belopp på 1000 €. Kostnader för operationssal och anestesi ska prioriteras för betalning. I dylika fall ska begäran om ekonomisk ersättning enligt trygghetsprogrammet MentorPromise lämnas in till din kirurg. Ekonomisk ersättning innebär inte ett lån till dig.
4. I händelse av kapselkontraktur (Baker III/IV), dubbelkapsel eller serom i sent skede vid bröstförstoringsoperation med MENTOR® gelfyllt bröstimplantat, kommer Mentor att kostnadsfritt tillhandahålla utbyte av ett MENTOR® gelfyllt bröstimplantat under en period på tio (10) år från implantationsdagen, förutsatt att berättigande påvisas och bekräftas av Mentor efter genomförd på dess bedömning och utvärdering av all nödvändig dokumentation. Mentor tillhandahåller en ersättande MENTOR® produkt i valfri storlek och motsvarande modell som den produkt som ursprungligen implanterades.

**SÍÐA 20–21**

1. Hurst, N.M. Lactation after augmentation mammoplasty. Obstet. Gynecol. 87(1):30-4.

**SÍÐA 24–25**

1. Regulatory History of Breast Implants in the U.S. (2013) https://www.fda.gov/medicaldevices/productsandmedicalprocedures/implantsandprosthetics/breastimplants/ucm064461.htm
(Hämtat 170817)
2. Breast Implant-Associated Anaplastic Large Cell Lymphoma (2017) https://www.fda.gov/MedicalDevices/ProductsandMedicalProcedures/ImplantsandProsthetics/BreastImplants/ucm239995.htm
(Hämtat 170817)
3. Clemens MW, Medeiros LJ, Butler CE, Hunt KK, Fanale MA, Horwitz S, et al. Complete Surgical Excision Is Essential for the Management of Patients With Breast Implant-Associated Anaplastic Large-Cell Lymphoma. J Clin Oncol. 2016;34(2):160-8. Epub 2015/12/03.doi: 10.1200/jco.2015.63.3412. PubMed PMID: 26628470; PubMed Central PMCID: PMCPMC4872006, hittas online på http://www.jco.org.
4. Anaplastic Large Cell Lymphoma (ALCL) In Women with Breast Implants: Preliminary FDA Findings and Analyses (2011)
https://www.fda.gov/MedicalDevices/ProductsandMedicalProcedures/ImplantsandProsthetics/BreastImplants/ucm239996.htm
(Hämtat 170817)
5. Brody GS, Deapen D, Taylor CR, Pinter-Brown L, House-Lightner SR, Andersen JS, et al. Anaplastic large cell lymphoma occurring in women with breast implants: analysis of 173 cases. Plast Reconstr Surg. 2015;135(3):695-705. Epub References 2014/12/10. doi: 10.1097/prs.0000000000001033. PubMed PMID: 25490535.
6. Bondurant, Ernster, Herdman (1999) Safety of Silicone Breast Implants, Washington, D.C: National Academy Press

**SÍÐA 26–27**

1. Mentors koksaltslösningsimplantat, MemoryGel silikongelfyllda implantat, CPG silikongelfyllda implantat och BECKER expanderimplantat som finns tillgängliga för försäljning inom EMEA-området är CE-märkta.
2. De Mentorimplantat som har godkänts av FDA är Mentors koksaltslösningsimplantat, MemoryGel silikonfyllda implantat och MemoryShape silikonfyllda implantat som finns tillgängliga för försäljning på den amerikanska marknaden.
3. Mentor Worldwide LLC, Internal data, Global Sales Figures (2015)
4. Baserat på en garantijämförelse av följande bröstimplantat:
Allergan Natrelle: http://www.natrelle.co.uk/breastenhancement/Pages/warranty.aspx, EuroSilicone & Nagor: http://nagor.com/pdf/Warranty_PDF_Nagor.pdf, Arion: http://www.laboratoires-arion.com/images/arion/ARION_GUARANTEE_PROGRAM_ANG.pdf, Polytech:http://www.polytechhealth.info/images/pdf/IoE_Information_engl_2015-01.pdf, Motiva: https://motivaimplants.com/product-warranty/, Sebbin: Garantie des IMPLANTS MAMMAIRES och La garantie premium, (Hämtat 170320)
5. Institute of Medicine, National Academy of Medicine (2007) Information for women about safety of silicone breast implants.
6. Mentor Worldwide LLC. Mentor Worldwide Sales Data
7. Mentor Norden sales figures 2016. HINAS Sjukhusinköp HF






# Mikilvægar öryggisupplýsingar

MemoryGel brjóstapúðar frá Mentor eru ætlaðir til brjóstastækkunar eða brjóstauppbyggingar hjá konum sem eru 18 ára eða eldri. Það er óleyfilegt að framkvæma brjóstapúðaaðgerð á konum sem eru með einhvers konar sýkingu í líkamanum, illkynja krabbamein eða forstig krabbameins í brjóstum og sem ekki hafa fengið viðeigandi meðferð við þessu ástandi. Það er einnig óleyfilegt að framkvæma brjóstaaðgerð á ófrískum konum og konum með barn á brjósti.

Það fylgja áhættur brjóstaskurðlækningum. Brjóstapúðar endast ekki út líf einstaklingsins og það þarf ef til vill fleiri en eina aðgerð áður en æskilegum árangri er náð. Þú getur þurft fleiri óvæntar aðgerðir vegna fylgikvilla eða vegna óæskilegs útlits. Margar af breytingunum á brjóstunum eða brjóstapúðunum eru óafturkræfar og brjóstapúðarnir geta einnig haft áhrif á getu þína til að gefa barni brjóst með því að minnka mjólkurframleiðslu.

Algengustu fylgikvillar við gelfyllta púða eru meðal annars herpingur í örvef kringum púðann, ósamhverfir púðar og brjóstverkir. Minni hætta er á rofi á púðanum sem oftast fer framhjá fólki (þ.e. hvorki þú né skurðlæknirinn þinn taka eftir rofinu). Hvaða áhrif rof á silikonfylltum brjóstapúða hefur á heilsuna hefur ekki alveg verið staðfest. Við mælum með skimun eins og mammografi, MRT eða ómun eftir brjóstaaðgerð þína til að auðvelda uppgötvun á hugsanlegu rofi á púða. Við hvetjum sjúklinga til að ræða við lækninn um frábendingar, viðvaranir,varúðarráðstafanir, áhættur og ókosti brjóstapúða. Það er mikilvægt að þú sért meðvituð um áhættuna við brjóstaskurðaðgerð þegar þú ákveður að fá þér brjóstapúða.

Fyrir frekari upplýsingar farðu inn á: **www.medor.is**

# GLÓSUR



MENTOR®

PART OF THE Johnson & Johnson FAMILY OF COMPANIES

QUALITY · OUTCOMES · SERVICE
COMMITMENT
MENTOR

Þér er velkomin að hafa samband við dreifingaraðila Mentor á Íslandi
**MEDOR**
**Reykjavíkurvegur 74, 220**
**Hafnarfjörður**

**S:** 412-7000
**Netfang:** medor@medor.is

Lestu meira um Mentor brjóstapúða á :
**www.medor.is**

Mentor - Johnson & Johnson AB